

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 40/1991. **Svanhildur Karlsdóttir**

gegn

**uppboðshaldara og innheimtumanni
ríkissjóðs á Akureyri,
Byggingarsjóði ríkisins,
Lífeyrissjóði Sameiningar,
Framkvæmdasjóði Akureyrar,
Landsbanka Íslands,
Gunnari Dúa Júlíussyni,
Veggfóðraranum hf.,
Mötu hf.,
Rolf Johansen og Co. sf.,
Kaupfélagi Eyfirðinga,
Kristjáni Gunnarssyni,
Haraldi Blöndal hrl.,
Hafsteini Hafsteinssyni hrl. og
Kaupþingi hf.**

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. janúar 1991. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 9. janúar 1991, á hluta fasteignarinnar Rimasíðu 15 á Akureyri. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hinni áfrýjuðu uppboðsgerð verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og hún felld úr gildi“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Ágrip skjala málsins barst Hæstarétti 2. mars 1992 ásamt greinargerð áfrýjanda. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var aðilum málsins gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu.

Með bréfi lögmanns áfrýjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæsta-

réttarlögmanns, 21. september sl. var þess óskað, að mál þetta yrði fellt niður fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar innheimtumaður ríkissjóðs og Landsbanki Íslands hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Varnaraðili innheimtumaður ríkissjóðs hefur krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Svanhildur Karlsdóttir, greiði varnaraðila innheimtumanni ríkissjóðs á Akureyri 20.000 krónur í kærumálskostnað.
